

Starfsáætlun Hádegishöfða

2024-2025



„Menntun hugans án menntunar hjartans er alls engín menntun“

Aristóteles

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Greinargerð skólastjórnenda	4
2. Leiðarljós leikskólans	5
Skólastarfið, stefnur og straumar leikskólans.....	5
Almennt um Hádegishöfða.....	5
3. Skólaþróun - Innra mat.....	6
Áherslur frá deildarstjórum fyrir skólaárið	7
3. Mannauður.....	7
Áherslur í samstarfi.....	7
Starfsfólk.....	8
Fundir og samráð.....	9
Starfs- og námskeiðsdagar.....	9
4. Hagnýtar upplýsingar.....	9
Heildarfjöldi og fjöldi á deildum, aldursskipting og kynjaskipting.....	9
Aðlögun og flutningur á milli deilda.....	9
Viðbótarkennsla Hádegishöfða 2024 - 2025.....	10
Húsnæði, lóð og öryggismál	10
5. Foreldrasamstarf.....	10
Áherslur á skólaárinu	10
Þátttaka foreldra í skólastarfinu	11
Fræðsla og upplýsingar til foreldra	11
Foreldrafélag.....	11
Foreldraráð	11
Áheyrnafulltrúar í fjölskylduráði.....	12
7. Samstarf.....	12
Fjölskyldusvið - Skólaþjónusta.....	12
Nemar	12
Samstarf við Fellaskóla	12
Annað samstarf	12
8. Lokaorð.....	13

Formáli

Leikskólinn er fyrsta skólastigið á Íslandi og upphaf formlegrar menntunar barna. Fyrstu aldursárin eru mikilvægur tími í þroska einstaklinga en þar er grunnur lagður að öllum öðrum þroska sem á eftir kemur. Leikskólanum ber í samstarfi við foreldra að skapa öllum börnum hvetjandi og hollt uppeldisumhverfi, fylgjast með og efla alhliða þroska þeirra auk þess að stuðla að velliðan þeirra og öryggi. Leggja ber áherslu á styrkleika barnanna og hæfni og lítið er á þau sem fullgilda þátttakendur í skólasamfélaginu. Í skólastarfinu mynda hugtökín uppeldi, menntun og umönnun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja. Í öllu leikskólastarfi ber að horfa til þátta er stuðla að farsæld barna og velferð þeirra.

Starfsáætlun þessari er ætlað að gefa innsýn í þær áherslur og markmið sem sett hafa verið fyrir skólastarf á Hádegishöfða skólaárið 2024-2025 út frá ríkjandi áherslum í kennslufræði leikskóla sem og sérstökum áherslum skólans.

1. Greinargerð skólastjórnenda

Stíðasta skólaár var fullt af áskorunum og þar var að veða einna þyngst veikindafjarvera starfsmanna sem hafði sín áhrif á ýmsum sviðum skólastarfsins og reyndi verulega á starfsmannahópinn. Í grunninn starfar á Hádegishöfða sterkur kjarni sem hefur lengi starfað saman og segja má að það hafi verið vegna hans að hlutirnir náðu að ganga upp. Eínungis einu sinni þurftum við að biðja foreldra um að sækja börn sín klukkan 14 þar sem við náðum ekki að láta daginn ganga upp. Við skólastjórnendur höfum starfað í leikskólum í yfir 30 ár og okkar upplifun er sú að álag í leikskólunum sé verulega vaxandi og leikskólakerfið um margt komið að ákveðnum þolmörkum. Allir eru sammála um mikilvægi leikskólastigsins en því miður virðist sem stór hluti samfélagsins sé nánast eingöngu að horfa til mikilvægi hans varðandi þátttöku foreldra í atvinnulífinu. Leikskólinn sem fyrsta skólastigið er því miður ekki að fá þá virðingu sem hann á skilið sem slíkur og nám barna á leikskólaaldri er klárlega vanmetið af samfélaginu. Það er mikilvægt að samfélagið geri sér grein fyrir því að í leikskólanum er byggður grunnur að öllu frekara námi barns. Þannig hefur málumhverfi barna í leikskólum áhrif á þróun læsis og því mikilvægt að horfa til þess að í leikskólum eigi þau góðar málfrimmyndir sem eru sifelltt að bæta í orðabanka barnanna því orðaforði þeirra er í hvað mestum vexti á leikskólaárunum. Því miður eru of margir sem eru ekki meðvitaðir um að tenging er á milli orðaforða og skilnings barns um 2-3 ára aldur og lesskilnings þess um 16 ára aldur. Lágur hlutfall leikskólakennara í leikskólum og lítil endurnýjun er verulegt áhyggjuefni og háttur hlutfall eldri leikskólakennara bendir til þess að hlutfallið eigi ekki eftir að lagast verði haldið áfram á sömu braut. Það er því mikilvægt fyrir sveitarfélög sem rekstraraðila leikskólanna að styðja við leikskólastigið og leita allra leiða til að fjölga leikskólakennurum.

Guðmunda Vala Jónasdóttir og
Kolbrún Nanna Magnúsdóttir
skólastjórar Hádegishöfða

2. Leiðarljósi leikskólans

Skólastarfið, stefnur og straumar leikskólans

Uppeldi og menntun í leikskóla byggir á sérstakri hugmyndafræði sem á sér stöðir í kenningum, rannsóknum og ritum fræðimanna varðandi hvernig börn þroskast og tileinka sér nýja þekkingu. Í Aðalnámskrá leikskóla birtist ríkjandi menntastefna á Íslandi sem ber að endurspeglu í öllu leikskólastarfi. Hugmyndafræðilegur grunnur skólastarfs á Hádegishöfða er m.a. sóttur í heimspeki Reggio Emilia skólastarfs og hugmynda Loris Malaguzzi upphafsmanns þess starfs. Eins er horft til kenninga John Dewey varðandi skólastarf og lýðræði sem og lýðræðisvitund. Albert Bandura hefur fjallað um mikilvægi þess að efla trú einstaklinga á eigin getu og er það eitt af því sem við horfum til í okkar skólastarfi. Á Hádegishöfða er áhersla á umhverfismennt og skapandi starf auk markvissrar dygðakennslu. Hádegishöfði flaggar grænfána Landverndar.

Velliðan barna er mikilvæg forsenda náms, á Hádegishöfða er afar gott námsumhverfi sem gefur aukin tækifæri til að mæta ólíkum þörfum einstaklinga bæði hvað varðar rými og fjölbreyttari nálganir. **Leikurinn** í allri sinni fjölbreytni er þungamiðja alls leikskólastarfs á Hádegishöfða. Hann er megin námsleið barns lífstjáning þess og órjúfanlegur hluti bernskunnar. Rannsóknir sýna að í leik læri börn fjölbreytta færni sem er mikilvæg varðandi frekara nám þeirra á 21. öldinni. Þau eru m.a. að auka félagslega færni sína, gagnrýna og skapandi hugsun, skapa þekkingu, æfa fjölbreytt hlutverk og þær athafir sem fylgja hverju hlutverki. Þannig læra börn að vera virkir þátttakendur í samfélaginu og auka skilning sinn á heiminum í kringum sig.

Megináherslur í daglegu starfi eru að efla sjálfstæði, gleði og sköpun barnanna sem og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér og öðrum. Einkunnarorð leikskólans "*Menntun hugans án menntunar hjartans er alls engin menntun*" eru sótt í smíðju heimspekingsins Aristótelesar og vísa til mikilvægi heildstæðrar nálgunar á menntun svo sem í gegnum mannkostamenntun þar sem meginmarkmiðið er að styðja einstaklinga í að þroska mannkosti sína (siðferðilega, félagslega, vitsmunalega og tæknilega) sjálfum sér og samfélaginu til góðs. Varðandi hlutverk menntunar er skilgreining Kristjáns Kristjánssonar prófessors höfð að leiðarljósi en samkvæmt henni er hlutverk menntunar að "*... gefa sem flestum kost að ná sem mestum þroska, að verða sem best eintök af tegundinni maður, miðað við þá möguleika sem búa í hverjum og einum. Slíkt sé kjarni hins góða lífs.*"

Almennt um Hádegishöfða

Hádegishöfði er þriggja deilda leikskóli sem stendur við Fellabrún 9 í Fellabæ. Nafn skólans er fornt eyktarmark frá Ekkjufellsseli í Fellum. Nöfn deildanna eru Stekkur, Sel og Hagí. Á Stekk eru eins og tveggja ára gömul börn, á Seli eru tveggja og þriggja ára

gömul börn og á Haga eru fjögurra og fimm ára gömul börn. Hádegishöfði rúmar 60 börn samtímis. Leikskólinn er mjög vel staðsettur með Fellaskóla, Tónlistarskólann í Fellabæ, íþróttaaðstöðuna í fjölnotasalnum og gervigrasvöllinn í næsta nágrenni. Gott samstarf er við allar þessar stofnanir. Auk þessa er stutt út í óspillta náttúru sem og útikennslustofu sem Fellaskóli hefur komið upp og við höfum einnig afnot af.

3. Skólapróun - Innra mat

Samkvæmt Aðalnámskrá er skólum ætlað að vera lærdómssamfélög en hugtakið lærdómssamfélag er tengt við leiðir til að styrkja umbótastarf þar sem áhersla er á að börnum sé boðið upp á bestu mögulegu menntun sem völ er á hverju sinni.

Lærdómssamfélag er því samfélag eða skóli þar sem hver lærir með og af öðrum með það að markmiði að ná betri árangri í takt við áherslur og kröfur hvers tíma. Á Hádegishöfða leggjum við áherslu á að í skólanum skapist öflugt lærdómssamfélag sem einkennist af samvinnuþvingningu, faglegum metnaði og sameiginlegri ábyrgðarsýn á velferð og þroska barna.

Skólaárið 2024-2025 verður áfram unnið að innleiðingu jákvæðs aga. Arnrun María Magnúsdóttir leikskólakennari hjá Samtalínu kemur inn í tímabundið verkefni á Hádegishöfða og yngsta stigi Fellaskóla við innleiðingu á lausnahríngnum auk þess sem hún verður með ráðgjöf varðandi aukin gæði samskipta sem eru hluti af innleiðingunni.

Hádegishöfði og Fellaskóli eru þátttakendur í þróunarverkefninu *Föruneyti barna – samstarf um stuðning við uppeldi og nám*. Aðalmarkmið verkefnisins er að valdefla foreldra í uppeldishlutverki sínu og efla grunnþjónustu við börn og foreldra. Í ágúst var haldið þjálfunarnámskeið fyrir þá sem munu halda námskeið fyrir foreldra þar sem stuðst var við fræðsluefnið Tengjumst í leik (e. Invest in Play) sem byggir á leiðum sem stuðla að auknu sjálfsöryggi, meðvitund, sjálfstjórn og samskiptafærni foreldra. Áhersla er á jákvæð samskipti og samveru foreldra og barna í leik. Skólastjóri og kennari frá Hádegishöfða sátu þetta námskeið og eru því komnir með réttindi til að halda foreldranámskeið. Stefnt er að því að halda amk. eitt námskeið á þessu skólaári.

Skólastarf er í sífelldri þróun og er endurmat mikilvægur hluti þess. Með mati á skólastarfi er ætlað að tryggja að réttindi leikskólabarna séu virt og að þau fái þá menntun og sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla og aðalnámskrá. Mat á skólastarfi er tvíþætt, annars vegar er um að ræða innra mat sem skólarnir framkvæma sjálfir og hins vegar ytra mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélagsins, mennta- og barnamálaráðuneytisins eða annarra aðila.

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í febrúar 2024 en hún mælir 31 þátt í 6 flokkum. Helstu niðurstöður voru þær að skólinn kom mjög vel út úr könnuninni, mældist vel yfir meðallagi í flestum þáttum. Ánægja varðandi húsnæði og aðstöðu skólans fer úr því að mælast

nánast lægst á landsvísi í það að mælast hæst. Það var afar ánægjulegt að sjá þessa útkomu þó hún hafi vissulega ekki komið okkur á óvart því nýtt húsnæði og aðstaða skólans er til fyrirmyndar. Ánægja foreldra með leikskólann sem og stjórnun skólans mælast mjög há sem og ánægja barns í leikskólanum. Þessi niðurstaða hvetur okkur til að halda áfram á sömu leið varðandi þróun skólastarfsins og styður okkur í áframhaldandi vinnu við að efla stjórnunarteymi skólans sem og aðra teymisvinnu innan skólans þannig að mannauðurinn nýtist sem best í skólastarfinu. Foreldrar upplifa að þeir fái mikla hvatningu varðandi þátttöku í skólastarfinu sem við erum afar ánægð með enda benda rannsóknir til þess að árangur og líðan barna í skólum mælist hærrí þar sem gott samstarf er á milli heimila og skóla. Þeir þættir sem gefa okkur tækifæri til að gera betur varða félagslega færni svo sem að sýna tillitsemi og rækta vínáttu. Til að bregðast við þessu ákváðum við að leggja aukna áherslu á félagsfærni t.d. í gegnum jákvæðan aga og innleiðingu á lausnahríngnum og fá til samstarfs við okkur Amrúnu Maríu sem hefur m.a. verið að sérhæfa sig varðandi þessa nálgun, eins verður áfram unnið markvisst með Bínu og boðskiptareglur hennar sem og Vínáttuverkefni Barnaheilla. Eíns kom fram að mikilvægt væri að fjölskylda ætti tengilið á deild barns í gegnum aðlögunartíma og höfum við nú þegar brugðist við því og framvegis verður skráður tengiliður fyrir hverja fjölskyldu. Eínnig mátti sjá að skiptar skoðanir foreldra eru varðandi tímasetninga viðburða hvort þeir eigi að vera í upphafi eða lok dags. Þetta er eitt af því sem við höfum í huga varðandi skipulag viðburða sérstaklega þar sem gert er ráð fyrir þátttöku foreldra.

Áherslur frá deildarstjórum fyrir skólaárið

Þetta skólaár verður lítað af innleiðingu jákvæðs aga, þar horfum við til þess að auka samskipta- og félagsfærni m.a. í gegnum lausnahrínginn. Á Haga verður eínnig unnið með ART-hópa þar sem horft er til þess að fyrirbyggja óskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Áfram verður áhersla á nám í gegnum leikinn og hlutverk kennara í honum. Áhersla verður á opínn og skapandi efnivíð sem styður við skapandi hugsun og nálgun. Valdeflíng barna og lýðræði verður eínnig áhersluþáttur hjá okkur þar sem við munum auka vægi barna í ákvarðanatökum varðandi eígið nám og daglegt starf. Umhverfismennt á áfram sínn sess í starfinu og horfum við til þess að fikra okkur áfram í útínámi og efla umhverfisvítund hjá bæði börnum og starfsfólki. Áfram leggjum við áherslu á að efla okkur deildarstjórana sem faglega leiðtoga í skólastarfinu og munum áfram horfa til teymisvinnu deildarstjóra sem og ínnan deilda. Annars verður starfið með hefðbundnu sníði þar sem við munum leggja áherslu á hæglæti í umgjörð skólastarfsins með vellíðan barna og starfsmanna að leiðarljósi.

3. Mannauður

Áherslur í samstarfi

Á Hádegishöfða leggjum við áherslu á að vinnustaðarmenníngín sé jákvæð og hvetjandi og ýti undír samvínnu og samheldní. Eíns að gott samstarf sé á milli aðíla og samskipti

byggja á gagnkvæmri virðingu og trausti. Við höfum sett okkur leiðarljós í starfi sem taka mið af þessum áherslum. Á þessu skólaári munum við endurskoða leiðarljósin og uppfæra þau yfir í starfsmannasáttmála sem er hluti af innleiðingu jákvæðs aga í skólanum.

Móttaka nýrra starfsmanna. Þegar nýr starfsmaður byrjar kemur hann í viðtal til stjórnenda sem fara yfir helstu áherslur í skólastarfinu. Deildarstjórum er svo falið að sinna frekarí aðlögun og koma þeim inn í starfið. Unnið er samkvæmt móttökuáætlun.

Handleiðsla er ekki með formlegum hætti en áhersla er á að gagnkvæmur stuðningur sé á milli starfsmanna og að við séum dugleg að deila upplýsingum og hlúa hvert að öðru.

Starfsmannasamtöl við skólastjóra/aðstoðarskólastjóra eru einu sinni á ári þar sem viðtalsrammi frá mannauðsdeild Múlapings liggur til grundvallar. Kennarar og starfsfólk hafa ávallt aðgang að stjórnendum ef eitthvað er sem þeir vilja ræða auk þess sem áhersla er á að deildarstjórar eigi samtál við kennara og starfsfólk á deildum og mál sem kunna að koma upp séu rædd innan deilda áður en málum er vísað til skólastjórnenda. Á þessu skólaári ætlum við að hafa einn fund á önn með starfsfólki hversrar deildar þar sem ræddar verða áherslur og nálganir í samskiptum og samvinnu á deildinni og þau áhrif sem það hefur á líðan starfsmanna og mótun vinnustaðameningar.

Starfsfólk

Starfsmannahópurinn á Hádegishöfða er skipaður sterkum kjarna sem hefur unnið lengi við leikskólann ásamt einstaklingum sem hafa starfað í styttri tíma. Hlutfall leiðbeinenda við skólann er hátt og þetta skólaárið, líkt og síðast liðin ár, erum við ekki að ná að uppfylla ákvæði laga nr. 95/2019 um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla varðandi hlutfall leikskólakennara við kennslu, umönnun og uppeldi en hlutfall leikskólakennara á Hádegishöfða sem eru í þessari stöðu eru rúmlega 36% en lagaákvæðið segir að hlutfallið skuli vera að lágmarki 67%. Þessi staða er því miður ekki einsdæmi þar sem stétt leikskólakennara er að eldast og nýliðun og ásókn í leikskólakennaranám er ekki að ná að hækka hlutfallið því samhliða þessu er leikskólakerfið að þenjast út m.a. vegna aukinna krafna um að taka inn yngri börn.

Á Hádegishöfða í september 2024 verða 21 starfsmaður í 17 stöðugildum sem skiptist þannig miðað við menntun og starfsheiti;

- 7 leikskólakennarar
- 2 háskólamenntaðir starfsmenn með B.Ed. í leikskólakennarafræðum
- 1 aðstoðarleikskólakennari
- 1 þroskaþjálfari
- 1 leikskólaliði
- 8 leiðbeinendur
- 1 húsvörður í 25% starfi

Fundir og samráð

Til að tryggja sem best upplýsingaflæði og samráð í skólanum höldum við eftirfarandi fundi og eru ritaðar fundargerðir á öllum þessum fundum. Stjórnunarteymi skólans fundar vikulega, það skípa skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, sérkennslustjóri og deildarstjórar. Deildarfundir eru einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. Starfsmenn leysa af á milli deilda. Starfsmannafundir eru tíu yfir skólaárið og eru þeir teknir á vinnutíma tveir klukkutímar í senn. Fundardagar eru skráðir á skóladagatal.

Starfs- og námskeiðsdagar

Í Múlaþingi eru sex starfs- og námskeiðsdagar leikskóla á hverju skólaári. Starfs- og námskeiðsdagar eru skráðir á skóladagatal. Þessu til viðbótar sækja kennarar og starfsfólk ýmis námskeið að eigin ósk eða skólans í tengslum við skólastarfið og áhugasvið viðkomandi.

4. Hagnýtar upplýsingar

Heildarfjöldi og fjöldi á deildum, aldursskipting og kynjaskipting.

Í september 2024 verða 41 barn í skólanum í 42 plássí og er aldursskiptingin sem hér segir:

- ✓ Árgangur 2019; 4 stúlkur og 6 drengir
- ✓ Árgangur 2020; 3 stúlkur og 4 drengur
- ✓ Árgangur 2021; 3 stúlkur og 6 drengir
- ✓ Árgangur 2022; 6 stúlkur og 4 drengir
- ✓ Árgangur 2023; 1 stúlka og 4 drengir

Í janúar 2025 bætast svo amk 5 börn í hópinn.

Aðlögun og flutningur á milli deilda

Þegar barn byrjar í leikskóla er það stór stund í lífi bæði þess og foreldranna. Fyrir margar fjölskyldur eru þetta tímamót sem krefjast breytinga og geta valdið álagi. Til að auðvelda börnunum og foreldrum þessar breytingar höfum við á Hádegishöfða valið að fara þá leið að hafa þátttökuáðlögun. Áðlögunin byggir á fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem hún á sér stað. Þetta haustið munu 7 börn hefja skólagöngu sína á Hádegishöfða.

Þegar börn flytjast á milli deilda höfum við farið í gegnum ákveðið aðlögunarferli sem felur í sér að árgangurinn sem er að færast um deild hefur heimsótt deildina með markvissum hætti með það að markmiði að þau þekki sig vel og séu örugg í nýju umhverfi.

Viðbótarkennsla Hádegishöfða 2024 - 2025

Skólaárið 2024-2025 verður starfandi stöðteymi við leikskólann sem vinnur undir stjórn sérkennslustjóra þvert á deildir skólans og sinnir viðbótarkennslu og stuðningi við þau börn sem þess þurfa. Skólastjóri starfar með teyminu varðandi ákvarðanir um hvenær, hvar og hvernig stuðningi og viðbótarkennslu skuli háttað. Sérkennslustjóri fundar með hverjum deildarstjóra amk. 1x á önn þar sem farið er yfir náms- og þroskastöðu barnanna á deildinni, hvaða forsendur eru fyrir stofnun mismunandi hópa til að mæta þörfum barnanna s.s. málörvun, fin- og grófhreyfingar, félagfærni o.fl. Á þessum fundum er einnig ákveðið á hvaða tímum deildin þarf inn aðila úr stöðteyminu til að sinna einstaka börnum.

Sérkennslustjóri er með eftirfylgd og annast daglega umsjón teymisins. Þetta skipulag er í anda snemmtækrar íhlutunar, inngildandi skólastarfs og farsældarlöggjafar. Vikulega eru samráðfundir hjá teyminu þar sem farið er yfir hvað er framundan og ef endurmeta þarf einhverja þætti. Teymið aðstoðar og veitir ráðgjöf á deildum varðandi einstök börn.

Stöðteymið gegnir jafnfram hlutverki lausnateymis samkvæmt þrepaskiptum stuðningi. Skipað hefur verið nemendaverndarráð við leikskólann og í því sitja skólastjóri, sérkennslustjóri, leikskólafulltrúi og skólahjúkrunarfræðingur.

Húsnæði, lóð og öryggismál

Húsvörður er starfandi á Hádegishöfða í 25% starfi sem hefur m.a. það hlutverk að fara yfir öryggi á lóð í upphafi hvers dags og sinna minniháttar viðhaldi á húsnæði og lóð. Eins sinnir hann léttari snjómokstri og hálkuvörn auk þess sem hluti innra eftirlits er á hans ábyrgð. Vinnueftirlit, heilbrigðiseftirlit og brunaeftirlit taka út húsnæði og lóð og koma með tillögur að úrbótum varðandi þá þætti sem uppfylla ekki kröfur. Við leikskólann er starfandi öryggisteymi sem tekur til umfjöllunar skýrslur úttektaraðila og vinnur úrbótaáætlun sé þess þörf. Húsvörður situr í þessu teymi og sér til þess að unnið sé að úrbótum samkvæmt áætluninni.

5. Foreldrasamstarf

Áherslur á skólaárinu

Líðan og velferð barns byggir meðal annars á góðu samstarfi heimilis og skóla. Samstarfið þarf að einkennast af gagnkvæmu trausti og virðingu. Á Hádegishöfða viljum við halda áfram að byggja upp skólasamfélag sem einkennist af þessum þáttum og horfum til þess að foreldrar þekkja börnin sín best og að mestur árangur næst þegar gott og traust samstarf er á milli þessara aðila.

Þátttaka foreldra í skólastarfinu

Í júní og ágúst voru samtöl við foreldra þeirra barna sem voru að hefja leikskólagöngu sína þar sem skólastarfið var kynnt og foreldrar miðluðu upplýsingum um sitt barn.

Stefnt er á að halda deildarskipta kynningarfundum fyrir foreldra á skólaárinu þar sem skólastarfið yrði kynnt sem og áherslur og nálganir í skólastarfinu. Foreldrar fá auk þess nánari kynningu á skólastarfinu í foreldrasamtölum í nóvember sem og mars/apríl.

Viðburðir þar sem foreldrum er boðið að koma í leikskólann til að fylgjast með starfinu síðast liðið skólaár voru m.a. á degi leikskólans og svo í vor annars vegar í útskrift og hins vegar á vorhátíð. Í tengslum við daga myrkurs hefur foreldrum verið boðið að koma og kveikja á kertum í lukt sem barn þeirra hefur útbúið. Í desember er jólaföndur þar sem foreldrum er boðið að koma og eiga stund með barninu. Á degi leikskólans er opið hús þar sem börn bjóða til sín gestum sem taka þátt í leikskólastarfinu með okkur. Í maí er útskrift elstu barna leikskólans þar sem foreldrar þeirra eru boðaðir í útskriftarathöfn á sal skólans. Í júní er sumarhátíð leikskólans sem er samstarfsverkefni foreldrafélagsins og skólans.

Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Heimasíða Hádegishöfða hadegishofdi.is er upplýsingaveita leikskólans þar eru skráðar inn fréttir og viðburðir ásamt því sem þar er að finna ýmsar upplýsingar varðandi skólastarfið s.s. skóladagatal og ýmsar stefnur og áherslur. Stefnt er að því að hætta með heimasíður leikskólanna og færa upplýsingarnar inn á svæði skólanna á síðu Múlapings. Til viðbótar eru sendir reglulega tölvupóstar til foreldra varðandi deildarstarfið og ýmsa þætti skólastarfsins.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfrækt við skólann. Markmið foreldrafélaga er að efla tengsl forráðamanna við starf skólanna og tryggja velferð barnanna sem best. Allir forráðamenn verða sjálfkrafa félagar um leið og börn hefja skólagöngu sína. Innheimt er mánaðarlegt félagsgjald kr. 500 pr. heimili, gjald þetta innheimtist samhliða leikskólagjöldum.

Foreldraráð

Foreldraráð er starfrækt við skólann, í því sitja þrjú foreldrar og starfar skólastjóri með ráðinu. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Áheyrnarfulltrúar í fjölskylduráði

Leikskólar í Múlaþingi eiga áheyrnarfulltrúa í fræðsluráði sem sitja fundi þegar fjallað er um málefni leikskóla. Áheyrnarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt á fundunum. Áheyrnarfulltrúar koma úr röðum foreldra, starfsmanna og stjórnenda, þegar verið er að óska eftir áheyrnarfulltrúum er horft til þess að þeir dreifist á milli leikskóla í sveitarfélaginu þannig að sem best yfirsýn skapist. Valdís Dögg Rögnvaldsdóttir er áheyrnarfulltrúi foreldra þetta skólaárið og Kolbrún Nanna Magnúsdóttir er varafulltrúi skólastjórnenda.

7. Samstarf

Fjölskyldusvið – Skólaþjónusta

Leikskólar í Múlaþingi heyra undir Fjölskyldusvið og sinnir skólaþjónusta Múlaþings sérfræðilegum stuðningi við grunn- og leikskóla í sveitarfélaginu skv. reglugerð um hlutverk og markmið skólaþjónustu 2. gr. Jafnframt byggir Skólaþjónusta Múlaþings starfsemi sína á lögum samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Nemar

Samstarf er á milli Hádegishöfða og Háskóla Íslands sem og Háskólans á Akureyri varðandi menntun leikskólakennara sem felur í sér móttöku á kennaranemum í vettvangsnám.

Samstarf við Fellaskóla

Fellaskóli og Hádegishöfði hafa í gegnum árin þróað afar gott samstarf sem byggir á því markmiði að auðvelda börnum flutning á milli skólastiga og skapa samfellu í námi barna. Samstarfið nær yfir allt skólaárið og byggir að mestu á heimsóknum elsta árgangs Hádegishöfða í Fellaskóla. Að vori er haldinn samráðsfundur vegna barna sem eru að hefja grunnskólagöngu með það að markmiði að mæta þörfum barnanna sem best þegar þau flytjast á milli skólastiga.

Annað samstarf

Hádegishöfði er í samstarfi við ýmsa fagaðila varðandi hag barnanna, en það eru:

- ✓ Skólaþjónusta Múlaþings
- ✓ Barnavernd Múlaþings
- ✓ Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
- ✓ Sálstofan
- ✓ HSA
- ✓ Lögreglan o.fl.

Aðrir samstarfaðilar í skólastarfinu eru m.a.;

- ✓ Slökkviliðið í gegnum forvarnar- og fræðsluverkefnið Logi og Glóð
- ✓ Minjasafnið hefur heimsótt okkur á bóndadag með fræðsluefni um fyrri tíma.
- ✓ Jónína Elíasdóttir á Hafrafelli en hún fær matarafgangna frá skólanum sem hún nýtir í fóður fyrir hænur, endur og gæsir en þetta samstarf varð til í gegnum grænu skrefin sem við tókum sem skóli á grænni grein.

8. Lokaorð

Að baki farsælu skólastarfi er skólamenning sem styður við samstarf og fjölbreytta kennsluhætti þar sem áhersla er á að börn og kennarar fái sem best notið sín í skóla án aðgreiningar. Þróun faglegs lærdómssamfélags er ákveðinn lykill að auknum árangri barnanna og áframhaldandi menntun kennara þar sem þeir ásamt öðru starfsfólki skólans starfar saman við ígrundun og þróun á starfsháttum. Það er von okkar að skólastarf á Hádegishöfða haldi áfram að vaxa og dafna, leikskólakennurum muni fjölga og samfélagið stígi markviss skref í því að verða barn- og fjölskylduvænna.

Guðmunda Vala Jónasdóttir og
Kolbrún Nanna Magnúsdóttir
skólastjórar Hádegishöfða